

Alþingi

Velferðanefnd Alþingis

Nefndarsviði

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Bt: Bjarna Benediktssonar

Arnarhvoli við Lindargötu

101 Reykjavík

Félagsmálaráðuneytið

Skógarhlíð 6

105 Reykjavík

Reykjavík 24. mars 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Þingskjal 1157 - 683. mál.

Heimilt er að veita styrk sem nemur allt að 50-60% af kaupverði bifreiðar, það er grunnverði án aukabúnaðar, ef um er að ræða einstakling sem ekki kemst af án sérútbúinnar og dýrrar bifreiðar vegna mikillar fötlunar.

Hámarksstyrkur er 5.000.000 kr. Áður en uppbót eða styrkur er greiddur skulu lagðar fram upplýsingar um kaupverð bifreiðar. Kaupverð bifreiðar skal ekki vera lægra en fjárhæð uppbótar eða styrks. Þessum bílum er síðan breyttr fyrir fólk sem notar hjólastól- Rafmagns eða handknúinn, en um þessar mundir eru bílarnir að hækka um 1-1,3 milljónir þegar þeir eru afgreiddir inn í landið.

Sjálfsbjörg styður hugmynd þá sem bílgreinasambandið hefur lagt til að tollafgreiðslugengið verði fest.

Önnur leið sem er fær, er að hækka umræddan styrk til bifreiðakaupa- tímabundið um 600.000, til að koma til móts við þá sem standa í bílakaupum á þessum fordæmalausum tímum. Þannig myndi hækkan bifreiðina ekki landa öll á kaupandanum heldur væri hægt að skipta þeim kostnaði milli kaupenda, bílaumboðs og ríkisins.

Virðingarfyllt.



Bergur Þorri Benjamínsson formaður Sjálfsbjargar Ish.